

Alþingi
Erindi nr. P 143/938
komudagur 3.2.2014



Orkugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. febrúar 2014
Tilvísun: 2014010096/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014 – 2017. Mál 256

Orkustofnun vísar til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 23. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar og athugasemda Orkustofnunar við tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014 – 2017, sem lögð verður fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013-2014, 256. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni framangreindrar þingsályktunartillögu og gerir ekki athugasemdir við einstaka þætti tillögunnar að öðru leyti en snýr að mögulegri aðkomu Orkustofnunar og um er fjallað í kaflanum um Orkumál.

Orkustofnun leggur til að í greinargerð 1.2. Orkumál, komi viðbót við 1. málslíð, sem fjallar um kerfisáætlun Landsnets til ársins 2017, svo hljóðandi:

Kerfisáætlun Landsnets hf. þarf traustari grundvöll þannig að hún njóti viðurkenningar sem opinber áætlun og að tillit verði tekið til hennar á viðeigandi hátt í landsskipulagi og í byggðaáætlun. Til þess þarf kerfisáætlun að fara í gegn um viðeigandi umsagnarferli í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Orkustofnun gerir ekki að öðru leyti frekari athugasemdir vegna þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014 – 2017.

Virðingarfyllst

Skúli Thoroddsen

Kristinn Einarsson